



Vefir grunnskóla RVK og aðrir vefir SFS

Apríl 2025
Lokaskýrsla

Skóla- og frístundarsvið
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Vefir grunnskóla Rvk og aðrir vefir SFS	Dags.: 08.05.2025
Eigandi verkefnis: Grunnskólaskrifstofa og SFS	Afrit sent til: Grunnskólaskrifstofu Stafræns leiðtoga SFS Sviðsstjóra SFS Sviðsstjóra PON
Verkefnastjóri: Elín Hrund Þorgeirsdóttir	

Samantekt

Forsaga verkefnis

Á síðustu árum hefur markvisst verið unnið að því að samræma og uppfæra ólík vefsvæði Reykjavíkurborgar þannig að þau standist nútímaþróun, aðgengis- og gæðastaðla. SFS var efnislegur eigandi að stórum hluta vefsvæða borgarinnar en til voru 38 vefir fyrir alla grunnskóla borgarinnar, fjórir stórir vefir með marga undirvefi fyrir frístundastarf og 64 vefir fyrir leikskóla borgarinnar. Þá eru ótaldir ýmsir aðrir vefir s.s. vefur Tungumálavers, Frístundalæsis og Menntastefnu. Hver og einn vefur þurfti uppfærslur, hýsingu og annað viðhald sem bæði er kostnaðarsamt og felur í sér vinnuframlag fjölda starfsmanna. Af þessum vefjum voru margir einnig komnir til ára sinna og hafði lítið verið sinnt í gegnum árin og einhverjir þeirra þurftu að fara í uppfærslur af öryggisástæðum. Nefna má í því samhengi að engin stöðugildi eru í leikskólum til að viðhalda vefsíðu.

Ljóst var því að færa þurfti hýsingu og ganga frá vefsvæðunum í miðlægan rekstur hjá UTR og bæta vöktun á efnislegum gæðum, stafrænu aðgengi og notkun. Staðan var sú að ef ekkert væri gert yrðu þessi vefsvæði að öryggisógn í rekstri, efni og miðlun og SFS myndi eiga í erfiðleikum með að mæta gæðastöðlum varðandi aðgengi og framsetningu. Einnig var óljóst hvernig aðgengi með áherslum borgarinnar um stafræna sjálfvirknivæðingu yrði komið fyrir á svo mörgum vefsvæðum og ruglandi fyrir notendur að fara sífellt á milli mismunandi hönnunar og valmynda til að ná í upplýsingar og virkni til sjálfsafgreiðslu. Tekin var ákvörðun um að byrja á því að færa alla vefi leikskólanna undir hatt Reykjavíkurborgar. Á tímabilinu þegar ráðist var í verkefnið gerðist það að hluti vefja SFS, s.s. grunnskólavefir borgarinnar, lentu í netárásum sem erfitt var að vinna sig út úr. Setja þurfti upp bráðabirgðavefi fyrir alla grunnskólana undir reykjavik.is og í framhaldi var tekin ákvörðun um að viðgerðir á eldri vefsvæðunum væru ekki góð lausn m.a. vegna tíma og fjármagns sem það tæki og mikilvægi þess að allir vefir borgarinnar standist aðgengis- og öryggiskröfur borgarinnar. Miðað við að rekstur fyrir hvert vefsvæði kosti um 350.000 kr. á ári með innri og ytri kostnaði sem er samtals 37.450.000 fyrir 107 vefsvæði*, má gera ráð fyrir verulegum sparnaði af því að færa öll þessi vefsvæði undir hatt borgarinnar.

*Vefsvæðin sem um ræðir eru m.a. vefir grunnskóla, leikskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita.

Markmið verkefnisins:

- Móta stefnu í upplýsingagjöf sem hentar öllum leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
- Smíða aðgengilega vefi þar sem notendamiðuð hönnun væri höfð að leiðarljósi.
- Vefir sem uppfylla öryggis- og aðgengiskröfur Reykjavíkurborgar
- Skerpa á efni, endurskrifa í anda Hönnu - hönnunarkerfis Reykjavíkurborgar
- Heildstæð nálgun fyrir notandann

Í stórum dráttum skiptist verkefnið í fjóra hluta:

1. Próa og setja upp nýja vefi fyrir grunnskóla Reykjavíkur
2. Færa efni af stökum vefsvæðum undir reykjavik.is, s.s. leikskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, frístundamiðstöðvar, skólahljómsveitir og Tungumálaver.
3. Skólasamfélagið (vinnutitill) - Búa til hatt yfir þjónustuvefi fyrir kennara í Reykjavík og á landsbyggðinni (Menntastefnuvefur, Frístundalæsi, Uppspretta, Miðja máls og læsis og fl.).
4. Almenn vefþjónusta við skóla- og frístundasvið.

Framkvæmd

Búið er að birta alla þessa vefi og hafa viðtökur heilt yfir verið góðar. Grunnskólaverkefnið reyndist langtum stærsta verkefnið þar sem bæði þurfti að bregðast við, þegar vart var við spilliforrit inni á vefsvæðunum, með því að setja upp bráðabirgðasíður undir reykjavik.is fyrir alla skólana og fara í kúltúrhakk, þarfagreiningu, könnun og vinnustofur með hagsmunaaðilum til að móta nýja stefnu í upplýsingagjöf til forsjáraðila. Í framhaldi var stofnað fagráð skólastjórnenda sem var ráðgefandi í hönnun og uppsetningu á nýjum vefsíðum grunnskólanna. Grunnskólaverkefnið tók lengri tíma en talið var í byrjun meðal annars vegna krefjandi tæknilegrar úrvinnslu og kröfu skólanna um birtingu meira efnis en gert var ráð fyrir.

Í lok grunnskólaverkefnis var námsleið búin til fyrir alla sem sjá um efnisgerð og innsetningu í skólunum og henni miðlað í gegnum fræðslukerfið Torgið. Auk þess var boðið upp á kennslu fyrir alla UT - tengiliði í skólunum þar sem notast var við Microsoft Booking (bókunarkerfi) þar sem þeir gátu bókað kennslu og stuðning á þeim tíma sem hentaði þeim best. Lögð var áhersla á samstarf við hagaðila og kynningar fyrir starfsfólk skólanna.

Skólasamfélagsverkefnið tók miklum breytingum á tímabilinu. Lagt var upp með að færa alla þá vefi yfir í sama vefumsjónarkerfi og vefteymi borgarinnar gerir alla þróun í. Þannig væri allt komið undir sama hatt og hægt að setja inn allsherjarleit á öllum vefjum og samnýta þróunareiningar. Eftir frekari greiningu reyndist sú nálgun ótímabær og nauðsynlegt að fara í frekari forgreiningu og undirbúning. Einnig var það verkefni sett tímabundið til hliðar vegna þess að nauðsynlegt var að ráðast strax í nýja vefi grunnskólanna þegar þeir lentu í því að hrynja vegna öryggisfrávíks.

Mikið hefur áunnist með samræmdri stafrænni upplýsingagjöf til notenda. Þar má nefna samræmda upplifun notenda, miðlæga yfirsýn, betri gæðastýringu og minni viðhalds- og rekstrarkostnað.

Næstu skref í kjölfar verkefnaloka felast í að skipuleggja afhendingu og koma vefjunum í þjónustu og stýringu. Þegar allt efni er komið inn og reynsla komin á vefina verða framkvæmdar notendaprófanir til að fá mat á hvað hefur tekist vel og hvar huga þarf að umbótum eða frekari þróun. Ekki eru stöðugildi innan skrifstofu SFS sem sinna þessum málum þvert á sviðið, en ljóst er að upplýsingafulltrúi, verkefnastjórar og leiðtogar í verkefnum sviðsins sem miðla þarf á vefsvæðum auk UT-tengiliða í skólunum þurfa áframhaldandi stuðning sem er umfram viðbragðsþjónustu vefteymis sem styður við alla starfsmenn borgarinnar sem sinna vefmálum.

Framkvæmd á greiningu, hönnun og þróun

Lagt var upp með að endurskoða vefi SFS með það fyrir sjónum að færa sem flesta undir öryggis- og aðgengishatt Reykjavíkurborgar og úr Wordpress og Joomla umhverfi. Verkefninu er hægt að skipta upp í fjóra hluta.

1. Nýir vefir fyrir grunnskóla Reykjavíkur

Eftir öryggisfrávik sem olli því að allir vefirnir lágu niðri, lá fyrir að annaðhvort yrði að fara í miklar lagfæringar eða að nota tækifærið og færa alla vefina yfir í Drupal - vefumsjónarkerfi Reykjavíkurborgar. Ekki þótti mæta kostnaði að byggja þá upp aftur þar sem staðið hafði til að færa þá úr Wordpress-umhverfi yfir í Drupal og undir öryggis- og aðgengishatt Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið fór í gang þarfagreining og kúltúrhakk á SFS. Setja þurfti upp bráðabirgðasíður fyrir alla grunnskóla undir reykjavik.is á meðan vinnsla við nýjar síður færi fram. Verkefnið nýjar grunnskólasíður var langstærsta verkefnið og það sem þurfti langmesta verkefnastjórnun.

Markmið við smíði grunnskólavefja

- Vefir sem lúta aðgengis- og öryggiskröfum RVK
- Viðmið í uppsetningu – Hanna Hönnunarkerfi RVK
- Tónn og texti – Stílbók RVK
- Siteimprove tenging – gæðamælingar
- Að vefirnir séu ekki skjalageymsla – færsla eldra efnis í M365 og Hlöðuna
- Þýðing á ensku á allar síður

Utanumhald

Í upphaflegum stýrihópi sátu Ólafur Óskar Egilsson, Soffía Vagnsdóttir og Jón Hafsteinn Jóhannsson. Þau létu öll af störfum á tímabilinu og var því verkefnið unnið áfram með ráðgefandi faghópi skólastjórnenda sem stofnaður var í upphafi verkefnisins. Í hópnum sátu sjö einstaklingar frá grunnskólunum, fulltrúar frá grunnskólaskrifstofu og stafrænn leiðtogi SFS. Haustið 2024 var farið yfir stöðuna með nýjum skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála og skrifstofustjóra sviðstjóra, ásamt stafrænum leiðtoga sviðsins og lagt upp í mikilvægar ákvarðanir um áframhaldandi þjónustu, rekstur og stuðning vefvörustjóra við hagsmunaðila innan SFS til að þróa vefsvæðin áfram.

Hvað gerðum við:

- Bráðabirgðasíður settar upp fyrir alla grunnskóla RVK.
- Vinnustofa var haldin með fulltrúateymi skólastjórnenda, grunnskólaskrifstofu og forsjáraðilum þar sem við skoðuðum nýjar þarfir notandans og hvernig hann vill fá upplýsingar til sín.
- Könnun send út meðal starfsfólks grunnskóla Reykjavíkurborgar um upplýsingamiðlun til forsjáraðila.
- Siteimprove – greining á notkun og hegðunarmynstri notenda. Á óvart kom að rúmlega 80% af leit forsjáraðila var að matseðli, dagatali og netföngum starfsfólks.
- Ítarleg þarfagreining og flokkun á efni – Kúltúrhakk
- Hönnun á útliti síðna og nýjum einingum
- Nýjar einingar og leiðarkerfi smíðað í Drupal sem einnig mun nýtast fyrir aðrar síður reykjavik.is og stuðla þannig að samræmdri þróun.
- Nýir vefir settir upp í Drupal, hver og einn á sér léni en með sameiginlegan bakenda.
- Nýjar ljósmyndir teknar af öllum grunnskólum
- Innsetning grunnefnis, fínþússning og prófanir
- Útfösun á bráðabirgðasíðum
- Aðgangsstýringum komið upp og þær tengdar við miðlæg kerfi borgarinnar.
- Aðgangar fyrir alla grunnskóla voru settir upp: afhending vefja

- Innleiðing: Námsleið á fræðslukerfinu Torginu
- Persónuleg kennsla sem var ýmist stað- eða fjarkennsla.
- Mikill stuðningur í gegnum tölvupóst og síma.

Frávik / áskoranir / lærdómur

Áskoranir í stuttu máli:

- Að setja upp mikið einfaldaðar vefsíður fyrir grunnskóla borgarinnar.
- Að vefsíðurnar væru með sameiginlegan grunn en hefðu svigrúm til persónulegra viðbóta.
- Virkni sem hentar öllum
- Séraðgangur fyrir UT-tengiliði í skólum
- Geymsla efnis
- Tæknileg útfærsla á gagnaflæði
- Kennsla á nýtt vefumsjónarkerfi og Hönnu – Hönnunarkerfi RVK.

Tæknileg útfærsla á vefsíðum grunnskólanna reyndist áskorun, sérstaklega vegna aðgangsstýringar og efnisgeymslu. Verkefnið reyndist einnig töluvert stærra en lagt var upp með í byrjun, aðallega út af kröfu skólanna um birtingu meira efnis.

Upphaflega var gert ráð fyrir að setja upp mikið einfaldaðar vefsíður fyrir grunnskólana í anda nýrra vefsíðna leikskóla borgarinnar undir reykjavik.is. Sú útfærsla var ekki samþykkt af fulltrúum skólanna og var því farið í mun flóknari útfærslu þar sem sérvefur var smíðaður fyrir hvern skóla fyrir sig. Til þess að tryggja að hver skóli hefði aðeins aðgang að sínu efni og sínum vefsíðum var á endanum tekin ákvörðun um að fara þá leið að setja alla skólana upp á eigin léni. Þetta var líka gert til þess að tryggja að efni hvers skóla færi ekki í almennan bakenda reykjavik.is. Tæknileg vinnsla þess tók langan tíma og var flókin í útfærslu.

Við efnisvinnu og flokkun kom einnig í ljós að eldri vefsvæði skólanna voru oft og tíðum notuð sem skjalageymslur en vefsvæði uppfylla engan veginn staðla til að geta þjónað slíku hlutverki. Fara þurfti í mikla endurskoðun á efni til að það samræmdest aðgengiskröfum. Erfitt reyndist, í sumum tilvikum, að gera skólum ljóst mikilvægi þess að aðlaga efni að aðgengiskröfum hönnunarkerfis og stílbókar.

Innleiðing

Fara þurfti í umfangsmikla fræðslu fyrir starfsfólk grunnskólanna sem taka áttu við umsjón með vefjunum. Hópurinn samanstendur af UT-tengiliðum, skólastjórum, aðstoðarskólastjórum, riturum og fleiri starfsmönnum skólanna, allt eftir bæði stærð skólanna og mannaforráði. Kunnátta þeirra reyndist stödd á mismunandi stigum og var því mikilvægt að setja kennsluna upp á þann hátt að hún myndi henta fjölbreyttum hópi. Gefa þurfti hverjum og einum notanda aðgang og hjálpa mörgum að skrá sig inn á vefinn. Haldnir voru kynningarfundir á Teams, stuðningshópur stofnaður á Workplace og boðið upp á einkakennslu bæði á Teams, í skólunum og í Borgartúni, allt eftir þörfum hópsins. Einnig fóru fram mikil samskipti í gegnum tölvupóst. Notast var við bókunarkerfið Microsoft Booking til að starfsmenn skólanna gætu bókað kennara eftir sinni dagbók. Hvatt hafði verið til þess að skólarnir tækju til í efni sínu af gömlu vefsíðunum með tilliti til nýrra síðna, hönnunarkerfis og aðgengiskrafna. Það var mjög mislangt á veg komið þegar kom að því að setja efnið inn á nýju síðurnar. Verkefnastjóri setti allar nýju síðurnar upp og setti inn allt grunnefni en það er í höndum skólanna sjálfra að setja inn annað efni. Vinna skólanna við að setja inn sitt efni og stuðningur við þá vinnu tók einnig lengri tíma en áætlað var í byrjun. Var það helst vegna þess að skólarnir voru bæði mjög misfljótir að byrja verkið og að setja efnið sjálft inn. Það

kom á óvart hversu ólíkt efnið var á milli skólanna og mismunandi framsetning og miðlun á efni. Við afhendingu mun svo öll efnisvinna hvers vefs vera á ábyrgð eiganda.

2. Nýir vefir fyrir leikskóla, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, skólahljómsveitir og Tungumálaver undir reykjavik.is.

Leikskólar

Markmið verkefnis var að einfalda og færa allar vefsíður leikskóla Reykjavíkur yfir í vefumsjónarkerfi borgarinnar, Drupal, og undir hatt vefsvæðis reykjavik.is. Verkefninu lauk með því að taka 64 gamlar vefsíður leikskólanna úr birtingu. Nú þegar hafa 4 vefsíður nýrra leikskóla bæst við undir reykjavik.is og mun þeim bara fjölga eftir því sem fram líða stundir. Ákvarðanir voru teknar af leikskólaskrifstofu og stafrænum leiðtoga um að nýjar vefsíður yrðu aðeins með lágmarksupplýsingum til að lágmarka uppfærslur en það þýðir mikla einföldun á vefsíðum leikskólanna miðað við eldri síður. Engin stöðugildi eru í leikskólum til að viðhalda vefsíðu. Notkun Völu leikskóla kemur að hluta til í staðinn sem miðlunar- og samskiptamiðill við foreldra. Ásýnd var bætt og meðal annars voru nýjar ljósmyndir teknar af öllum leikskólum ásamt myndböndum fyrir þá sem ekki áttu slík fyrir. Verkefnastjóri setti allar síðurnar upp og sá um öflun og innsetningu efnis.

Frístundastarf

Markmið verkefnis var að færa allar vefsíður bæði frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva Reykjavíkur yfir í vefumsjónarkerfi borgarinnar Drupal og undir hatt vefsvæðisins reykjavik.is. Verkefninu lauk með því að 37 nýjar síður fyrir frístundaheimili, 27 nýjar síður fyrir félagsmiðstöðvar og 4 nýjar síður fyrir frístundamiðstöðvar voru teknar í notkun undir reykjavik.is (alls 68) og allar eldri teknar úr birtingu. Ákvarðanir voru teknar af frístundaskrifstofu og stafrænum leiðtoga um að nýjar vefsíður yrðu aðeins með lágmarksupplýsingum til að lágmarka vinnu við uppfærslur. Aðrar leiðir eru notaðar til miðlunar og samskipta svo sem tölvupóstur, fréttabréf og samfélagsmiðlar. Nýjar ljósmyndir voru teknar af öllum frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Verkefnastjóri setti allar síðurnar upp og sá um innsetningu efnis

Skólahljómsveitir

Markmið verkefnis var að færa vefsíðu Skólahljómsveita Reykjavíkur yfir í vefumsjónarkerfi borgarinnar, Drupal, og undir vefsvæðið reykjavik.is. Vefsíðan skólahljómsveitir.is hélt utan um allt starf skólahljómsveitanna. Verkefnastjóri setti síðuna upp og sá um öflun og innsetningu efnis.

Öll þessi verkefni fólu í sér eftirfarandi í samvinnu við mismunandi hagsmunaaðila:

- a. Parfaggreiningu
- b. Efnisöflun og innsetningu
- c. Hönnun
- d. Ljósmyndun
- e. Nýjar vefsíður smíðaðar undir reykjavik.is
- f. Kynningu
- g. Eldri vefsvæði tekin úr birtingu

3. Skólasamfélagið (vinnutitill)

Í vinnslu er hattur sem smíðaður verður yfir þjónustuvefi SFS fyrir kennara bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni með leitarvél. Vefirnir eru m.a.: Frístundalæsi, Menntastefnuvefur, Uppspretta, Miðstöð máls og læsis, Sérkennslutorg, Jafnréttisskólinn og Syngjandi skóli. Upphaflega stóð til að færa alla þessa vefi undir vefsvæði reykjavik.is eða á sér vefumsjónarkerfi Drupal en ákveðið var á tímabilinu að fresta þeirri yfirfærslu og fara í frekari forgreiningu. Ástæða fyrir því var bæði að ráðast þurfti strax í að gera nýjar vefsíður fyrir grunnskóla Reykjavíkur vegna öryggisfrávíks og að við forgreiningu kom í ljós að fara þurfti í mikla vinnu við að taka til í efni vefjanna áður en hægt væri að færa þá. Einnig kom í ljós að hluti efnisins skarast á milli vefja og mikilvægt er að kortleggja þá skörun. Vefirnir fela flestir í sér verkefnakistu með leitarvél sem býður upp á annars konar áskoranir. Ákvarðanatoka um framhald verkefnisins bíður greiningar stafræns leiðtoga og hagsmunaaðila á sviðinu.

4. Annað

Önnur vinna við vefhluta SFS undir reykjavik.is og aðra vefi s.s. tónlistaskólar (lagfæring á efni), Farsæld barna (efnisvinnsla), Handbækur sérkennslu o.fl., Innri vefur SFS og almenn vefþjónusta.

Samlegðaráhrif

Lagt var upp með mótun stefnu í upplýsingagjöf sem henta myndi öllum leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Samlegðaráhrif voru bæði í hönnun vefsíðnanna og hönnun og smíði nýrra eininga. Hönnuð var ein ný eining ásamt nýrri tegund af staðarsíðu og leiðarkerfi. Hönnunin tók mið af því að hægt yrði að nota einingarnar á fleiri stöðum á reykjavik.is.

Við vinnslu á verkefninu sköruðust tímalínur að hluta. Meðal annars var tími á meðan á tæknivinnslu stóð fyrir grunnskólana nýttur til að vinna í vefjum frístundaheimila, félagsmiðstöðva og skólahljómsveita.

Frávik frá verkefnisáætlun

Stærsta frávik frá upphaflegri áætlun var ákvörðunin um að fara ekki strax í að færa vefsvæði Menntastefnu og annarra vefja sem hugsaðir eru fyrir kennara, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni, í vefumsjónarkerfi Drupal heldur skoða aðrar leiðir, svo sem að búa til hatt með leitarkerfi sem leitar á öllum vefjunum.

Í ljós kom að tími og vinna við vefi grunnskólanna var vanáætluð. Tæknileg útfærsla reyndist áskorun, sérstaklega vegna aðgangsmála og efnisgeymslu. Verkefnið reyndist töluvert stærra en lagt var upp með í byrjun, aðallega vegna krafna grunnskólanna sem komu fram þegar liðið var á verkefnið.

Uppsagnir urðu á tímabilinu og setti það hönnun nýrra eininga í uppnám og frestaði þeirri vinnu því ráða þurfti nýjan hönnuð í verkefnið.


Tímaáætlun var ekki alveg negld niður í byrjun verkefnisins þar sem ekki var alveg ljóst hverjar þarfir sviðsins væru og var það hluti af verkefninu að greina þær og ramma inn hvað þyrfti til. Í löngu þróunarverkefni er samspil við hagsmunaðila lykilatriði þannig að þarfir sem komu í ljós væru teknar inn og mál leyst í gegnum ferlið.

Markmið verkefnisins í heild


- Móta stefnu í upplýsingagjöf sem hentar öllum leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.
- Samræma samskipti við forsjáraðila.
- Færa vefi SFS undir reykjavik.is. Fækka vefjum í Wordpress og Joomla.
- Tryggja að aðgangs- og öryggisviðmið Reykjavíkurborgar væru höfð að leiðarljósi.
- Einfaldir og notendavænir vefir sem þjóna þörfum notenda
- Betri leitarvélabestun og þýðingar.
- Skerpa á efni. Ekki geymsla gagna. Minna efni til að uppfæra
- Hagræðing í rekstri
- Koma upp rekjanlegum aðgangsstýringum
- Tryggja miðlægan rekstur vefsvæðanna
- Heildstæð nálgun og bætt upplýsingagjöf fyrir notandann.
- Vefumsjónarkerfi sem auðveldar starfsfólki viðhald og umsýslu vefsvæðanna

Tímaáætlanir verkefna

Tímaáætlun fyrir grunnskólaverkefni



Tímaáætlun fyrir verkefni á reykjavík.is



Kostnaðaryfirlit

Sótt var fjármagn til verkefnaráðs vegna verkefnisins og var áætlunin upp á 50 milljónir króna. Verkefnið fór 6 m.kr. umfram áætlun, aðallega vegna þess að verkefnið dróst á langinn.

Ávinningur

Að stafræn upplýsingagjöf Reykjavíkurborgar sé samræmd í orði og mynd og taki fyrst og fremst mið af þörfum þjónustuþega. Með verkefninu varð til nauðsynlegur grundvöllur til að búa til, hugsa um og þjónusta vefsvæði SFS með einfaldari og hagkvæmari hætti en áður.

- Uppfyllir aðgengis- og öryggiskröfur Rvk
- Stuðningur og þjónusta frá UTR og vefdeild.
- Tenging við Mínar síður og upplýsingagjöf í einni samfellu.
- Þýðing yfir á ensku
- Aðgengilegri og betri vefsvæði
- Miðlæg stýring og yfirsýn
- Minni handavinna í vefumsjónarkerfi
- Betri nýting á tíma starfsmanna
- Samræmd stafræn upplýsingagjöf og upplifun notenda
- Gæðamælingar á efni
- Samlegðaráhrif með því að vinna vefina í einni samfellu, í hönnun á vefjum og nýjum einingum sem nýtast á fleiri stöðum á vef Reykjavíkurborgar.
- Minni rekstrar- og viðhaldskostnaður

- Samkvæmt nýju rekstrarmódeli PON, þar sem rukkað verður fyrir hýsingu vefja, má áætla sparnað fyrir borgina upp á allt að 37.000.000.

Lærdómur af verkefninu

Verkefnið mætti andstöðu hluta skólastjórnenda í byrjun enda höfðu gömlu vefsíður skólanna lent í netárásam og stjórnendur ósáttir við að vera án vefsíðna um tíma. Einnig voru nokkrir skólastjórnendur ósáttir við að vefirnir yrðu settir upp í útliti Hönnu - Hönnunarkerfis Reykjavíkurborgar og að fylgja þyrfti aðgengiskröfum Reykjavíkurborgar hvað varðar uppsetningu efnis og framsetningu efnis í anda Stílbókar RVK. Verkefnið krafðist því mikillar væntingastjórnunar, breytingastjórnunar og málamiðlunar af hendi verkefnastjóra sem reyndist mjög lærdómsríkt.

Annar helsti lærdómur verkefnisins var fólgin í hvernig innleiðingu og kennslu var háttað. Í innleiðingu á nýjum grunnskólasíðum var búin til Drupal-námsleið bæði í formi myndbanda og textalýsinga fyrir UT-tengiliði sem þeir gátu nálgast á Torginu ásamt fræðslu um Hönnu – Hönnunarkerfi RVK og Stílbók Reykjavíkurborgar.

Fræðslan á Torginu reyndist mjög vel og voru notendur almennt ánægðir. Munum við nota hana ásamt viðbótum fyrir annað starfsfólk Reykjavíkurborgar sem sér um innsetningu efnis á reykjavik.is. Það kom samt sem áður á óvart hversu langan tíma innleiðingin og kennslan tók ef tekið var mið af áhuga skólanna á verkefninu. Verkefnastjóri dró sérstaklega lærdóm af því hvernig UT- tengiliðir í skólunum kusu að fá kennsluna og hvernig samskiptin fóru fram.

Einnig reyndist tæknileg útfærsla á vefjum grunnskólanna lærdómsríkt ferli og var erfitt að sjá þá þætti fyrir.

Til umhugsunar

Skólarnir eiga flestir enn þá eftir að setja inn efni á sínar vefsíður. Það hefur gengið vel í langflestum tilvikum en skólarnir eru greinilega með mismikinn tíma til að vinna verkefnið ásamt því að vera mislengi að tileinka sér nýja kunnáttu á Drupal-vefumsjónarkerfið. Er því hægt að gera ráð fyrir að þeir þurfi á áframhaldandi stuðningi að halda. Einstaka skólar eru einungis búnir að setja inn grunnefni á sínar síður og hafa ekki þegið mikinn stuðning.

Niðurstöður

Markmið náðust í janúar 2025 þegar síðustu vefsíðurnar fóru í loftið. Tekin var ákvörðun um að setja grunnskólavefina í loftið eftir stöðu hvers og eins skóla og var því verið að birta þær á 3 mánaða tímabili frá nóvember og fram í janúar. Taka þarf fram að flestir skólar kusu að birta sína vefi þrátt fyrir að ekki væri búið að setja allt efni inn. Sett var viðmið um lágmarksefni áður en vefur væri birtur. Ákjósanlegt hefði verið að skólarnir hefðu verið búnir að fara yfir og vinna sitt efni áður en að efnisinnsetningu kom.

Ráðist var í kúltúrhakk þegar unnið var með nýjar leikskóla-, grunnskóla- og frístundavefsíður til þess að mæta þörfum notenda sem breytast hratt með breyttu umhverfi samfélagsmiðla og nethegðunar. Ný nálgun féll ekki í kramið hjá öllum í fyrstu en með aukinni fræðslu og niðurstöðum úr mælingum í Siteimprove var hægt að sýna fram á hvernig nálgunin myndi bæta aðgengi og upplýsingagjöf ásamt því að öryggiskröfum væri mætt. Hér má nefna að eldri vefsvæðin féllu flest á gæðaprófunum en þau nýju eru nú með rúmlega 90% skor af 100%.

Helsti ávinningur verkefnisins er fólgin í bættri og samræmdri upplýsingagjöf til forsjáraðila/notenda og minni viðhalds- og rekstrarkostnaði, meiri miðlægum stuðningi og yfirsýn ásamt betri nýtingu á tíma starfsmanna. Verkefnastjóri hefur dregið mikinn lærdóm af þessu sem kemur til með að nýtast í framtíðarverkefnum.

Byrjað hefur verið á notendaprófunum og í framhaldi væri hægt að sækja fjármagn til að fara í frekari ítrun og þróun. Þá þarf að koma vefjunum í þjónustu og taka ákvörðun um þjónustuleið.

Afhending

- Eigandi verkefnisins fær afhenda lokaskýrslu
- Eigandi og SFS taka ákvörðun um þjónustu í vörustýringu
- Afhending í rekstur – PON